

Fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs

og

Tollvarðafélags Íslands

gera með sér svofellt

samkomulag

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

Kjarasamningsmarkmið

Markmið og forsendur þessa samnings

Samningsaðilar ætla að stofnanir öðlist aukna möguleika til að haga starfsmannahaldi sínu á þann veg sem kemur sér best á hverjum tíma. Samningnum er þannig ætlað að auka sveigjanleika sem þeim er nauðsynlegur með því að draga enn úr takmörkunum í miðlægum kjarasamningum.

Almennt markmið aðila er að kjarasamningarnir styðji við framsækna starfsmannastefnu einstakra stofnana. Í því skyni eru gerðar breytingar á uppbryggingu launatöflu, m.a. til þess að auka gagnsæi og hlutlægni í launaákvörðunum. Fjöldað er þeim úrræðum sem stofnanir hafa til að umbuna starfsmönnum og bregðast við margbreytilegum aðstæðum með fleiri möguleikum til launasetningar, t.d. með því að gefa stofnunum kost á að árangurstengja hluta launanna. Til þess að ná m.a. þessum markmiðum er dregið úr aldurstengdum hækjunum í miðlægum hluta kjarasamninga og aldursþrep felld brott úr launatöflu.

Möguleikar á launapróun umfram það sem samið er um í þessum samningi byggir á að hagræðing náist á stofnun að óbreyttum fjárhæmildum.

1. grein

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist til 31. október 2008 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. grein

Núgildandi launatafla félagsins samkvæmt greinum 1.1, sjá nánar í viðauka I, hækka sem hér segir:

Frá 1. maí 2005 1,75%

Að auki vegna breytinga á gr.: 2,25%

1. janúar 2006: 2,50%

Ný launatafla frá 1. maí 2006 taki þeim hækjunum sem hér segir (sbr. nýjan 1. kafla):

1. janúar 2007: 2,25%

1. janúar 2008: 2,50%

3. grein

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2005: kr. 45.000

Síðan eins og segir í nýjum 1. kafla í gr. 1.7:

Á árinu 2006: kr. 45.000

Á árinu 2007: kr. 45.000

4. grein

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2005: kr. 21.800

Á árinu 2006: kr. 22.400

Á árinu 2007: kr. 23.000

Á árinu 2008: kr. 23.600

5. grein

Nýr 1. kafli um kaup, tekur gildi 1. maí 2006 svohljóðandi:

1 Kaup

1.1 Mánaðarlaun

1.1.1 Mánaðarlaun starfsmanns sem gegnir fullu starfi, skulu frá 1. maí 2006 greidd samkvæmt eftirfarandi launatöflu, sjá nánar í viðauka II:

Lfl.	Upphæð	Lfl.	Upphæð	Lfl.	Upphæð
01	128.500	09	189.854	17	280.500
02	134.925	10	199.347	18	294.525
03	141.671	11	209.314	19	309.251
04	148.755	12	219.780	20	324.714
05	156.193	13	230.769	21	340.950
06	164.003	14	242.307	22	357.998
07	172.203	15	254.422	23	375.898
08	180.813	16	267.143	24	394.693

1.1.2 Þegar unnninn er 8 stunda vinnudagur reglubundið, reiknast brot úr mánaðarlaunum þannig að deilt er með 21,67 í mánaðarlaunin og margfaldað með fjölda almanaksdaga annarra en laugardaga og sunnudaga frá upphafi eða til loka starfstíma

1.1.3 Launatafla skv 1.1.1 taki þeim hækjunum sem hér segir:

- 1. janúar 2007: 2,25%
- 1. janúar 2008: 2,50%

- 1.2 Röðun starfa og mat álags**
- 1.2.1 Við ákvörðun á röðun starfa í launaflokka skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi.
- 1.2.2 Meta skal persónu- og tímabundna þætti, sbr. gr. 11.3.2, sem álag á launaflokka. Slíkt álag skal háð endurmati. Meta má vægi álags beggja þátta til hækjunar um allt að 20% samanlagt af viðkomandi launaflokk í 2,5% bilum. Í stofnanasamningi skal kveðið á um hvort og með hvaða hætti álagið skiptist.
- Ofangreindir þættir geta verið breytilegir frá einum tíma til annars og forsendur þeirra skulu endurskoðaðar við breytingar á starfssviði starfsmanns eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi.
- 1.3 Sérstök tímabundin umbun**
- 1.3.1 Heimilt er að greiða sérstaka umbun umfram mánaðarlaun skv. greinum 1.1.1, 1.2.1 og 1.2.2 sem aldrei skal þó nema hærri fjárhæð en 30.000 kr. á mánuði. Það hámark tekur ekki breytingum á samningstímanum. Umbun þessi greiðist vegna sérstakra tímabundinna þátta sem ekki falla undir grein 1.2.2 og greiðist aldrei lengur en áhrif þeirra þátta vara. Ákvörðun um greiðslu slíkrar umbunar skal tekin af forstöðumanni og byggjast á skriflegum reglum sem hann hefur kynnt starfsmönnum.
- 1.4 Tímakaup í dagvinnu**
- 1.4.1 Tímavinnukaup í hverjum launaflokkí er 0,615% af mánaðarlaunum starfsmanns skv. greinum 1.1.1 og 1.2.2.
- Tímakaup í dagvinnu, hverjum má greiða**
Heimilt er að greiða tímakaup í eftirfarandi tilvikum:
1. Nemendum við störf í námshléum.
 2. Lífeyrisþegum sem vinna hluta úr starfi.
 3. Starfsmönnum sem ráðnir eru til skamms tíma vegna sérstakra árvissra álagstíma ymissa embætta þó eigi lengur en 2 mánuði.
 4. Starfsmönnum sem ráðnir eru til að vinna að sérhæfðum, afmörkuðum verkefnum.
 5. Starfsmönnum sem starfa óreglubundið í lengri eða skemmti tíma þó aðeins í algjörum undantekningar tilvikum.
- 1.5 Yfirvinnutímakaup**
- 1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokkí er 1,0385% af mánaðarlaunum starfsmanns.
- 1.5.2 Öll vinna, sem unnin er á stórhátíðardögum skv. 2.1.4.3 greiðist með tímakaupi, sem nemur 1,375% af mánaðarlaunum starfsmanns.
- 1.5.3 Forstöðumenn stofnana eiga ekki rétt á yfirvinnugreiðslum skv. tímakaupi. Sé yfirvinna nauðsynleg vegna anna í starfi, skal heimilt að semja um mánaðarlega þóknun fyrir hana.
- 1.5.4 Sé yfirvinna fjarri föstum vinnustað ekki greidd samkvæmt tímareikningi, skal semja um þá greiðslu fyrirfram við viðkomandi starfsmann og í samráði við Tollvarðafélag Íslands.

1.6 Vaktaálag, álagsgreiðslur

1.6.1 Vaktaálag reiknast af dagvinnutímaupi sbr. gr. 1.4.1.

Vaktaálag skal vera:

- | | |
|--------|---|
| 33,33% | kl. 17:00 - 24:00 mánudaga - fimmtudaga |
| 55,00% | kl. 17:00 - 24:00 föstudaga |
| 55,00% | kl. 00:00 - 08:00 mánudaga - föstudaga |
| 55,00% | kl. 00:00 - 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga |
| 90,00% | kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3. |

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

1.6.2 Greiðsla fyrir bakvaktir skal reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1 með eftirtöldum hætti:

- | | |
|--------|---|
| 33,33% | kl. 17:00 - 24:00 mánudaga - fimmtudaga |
| 45,00% | kl. 17:00 - 24:00 föstudaga |
| 45,00% | kl. 00:00 - 08:00 mánudaga |
| 33,33% | kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga - föstudaga |
| 45,00% | kl. 00:00 - 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga |
| 90,00% | kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3. |

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

Um greiðslur fyrir útköll á bakvakt gilda gr. 2.3.3.1 og 2.3.3.2.

1.6.3 Vinnutími starfsmanna skal vera samfelldur eftir því sem við verður komið. Greitt skal fyrir eyður í vinnutíma með vaktaálagi skv. gr. 1.6.1.

1.6.4 Greiðsla fyrir eyður og bakvakt á dagvinnutímabili skv. gr. 2.2.1 er 33,33% álag.

1.7 Persónuuppbót (desemberuppbót)

1.7.1 Persónuuppbót árin 2006 og 2007 verður sem hér segir:

- | |
|-------------------------|
| Á árinu 2006 kr. 45.000 |
| Á árinu 2007 kr. 45.000 |

Starfsmaður sem er við störf í fyrstu viku nótvembermánaðar skal fá greidda persónuuppbót 1. desember ár hvert miðað við fullt starf tímabilið 1. janúar til 31. október. Desemberuppbót er föst krónutala og tekur ekki hækjunum skv. öðrum ákvæðum kjarasamningsins. Á desemberuppbót reiknast ekki orlofsfé. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi eða unnið hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall á framangreindu tímabili.

Á sama hátt skal einnig starfsmaður sem látið hefur af starfi en starfað hefur samfellt í a.m.k. 3 mánuði (13 vikur) á árinu, fá greidda desemberuppbót, miðað við starfstíma og starfshlutfall. Sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða í allt að 6 mánuði vegna fæðingarorlofs. Málsgrein þessi gildir þó ekki um þá starfsmenn sem hefja töku eftirlauna á tímabilinu 1. júlí - 31. desember ár hvert.

Starfsmaður sem hefur töku eftirlauna á tímabilinu 1. júlí - 31. desember, skal fá greidda desemberuppbót 1. desember sem miðast við 12 mánaða starf og meðalstarfshlutfall.

6. grein

Eftirfarandi breytingar verða á kafla um vinnutíma:

Grein 2.1.5 fellur brott frá gildistíma samningsins.

Grein 2.6.11 fellur brott frá og með 1. maí 2006.

7. grein

Breytingar á bakvaktarkafla.

- 2.5.4 Fyrir reglubundna bakvakt, sem skipulögð er allt árið, skal veita frí sem svarar mest 80 klst. fyrir hverjar 1200 klst á bakvakt. Frí þetta skal veita hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.
- 2.5.5 Unnar stundir á bakvöktum skulu ekki dregnar frá þegar bakvaktarstundir á ári eru taldar, sbr. gr. 2.5.4.
- 2.5.4 Núverandi 2.5.4 verður 2.5.6.

8. grein

Grein 4.4.1 verður svohljóðandi frá 1. maí 2006:

- 4.4.1 Tímabil sumarorlofs er frá 1. maí til 15. september.

Grein 4.6.1 verður svohljóðandi:

- 4.6.1 Veikist starfsmaður í orlofi, telst sá tími sem veikindum nemur ekki til orlofs enda sanni starfsmaður með læknisvottorði að hann geti ekki notið orlofs.
Tilkynna skal yfirmanni án tafar með sannanlegum hætti ef um veikindi eða slys í orlofi er að ræða.

9. grein

Grein 5.11 og 5.12 falli brott.

10. grein

Ný grein í 9. kafla svohljóðandi:

- 9.4 Heimilt er að semja um annað fyrirkomulag fyrir afleysingar en að framan greinir.

11. grein

Hinn 1. maí 2006 tekur gildi nýr 11. kafli, svohljóðandi:

11 Stofnanapáttur og samstarfsnefndir

11.1 Skilgreining stofnanaþamnings

- 11.1.1 Stofnanaþamningur er hluti af kjarasamningi og er meðal annars ætlað að tryggja þróun og stuðla að skilvirkara launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum stofnunar og starfsmanna hennar. Hann er sérstakur samningur milli stofnunar og viðkomandi stéttarfélags um útfærslu tiltekinna þáttta kjarasamningsins að þörfum stofnunar og starfsmanna með hliðsjón af eðli starfsemi, skipulagi og/eða öðru því

sem gefur stofnun sérstöðu. Viðræður um stofnanasamning fara fram undir friðarskyldu.

11.2 Markmið stofnanasamnings

11.2.1 Markmið stofnanasamnings er að auka gæði þjónustunnar með því að efla samstarf starrfsmanna og stjórnenda á vinnustað. Samstarfinu er ætlað að bæta rekstrarskipulag stofnunar, bæta nýtingu rekstrarfjármagns og skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu og skilvirkara launakerfi og þannig gefa starfsmönnum tækifæri til að þróast og bæta sig í starfi og þar með auka möguleika þeirra á bættum kjörum.

Að færa ákvörðun um launasetningu starfa nær starfsvettvangi þar sem hægt er að bregðast hraðar við breytingum sem eiga sér stað á störfum og skipulagi stofnana og stuðla að árangurstengingu launa í samræmi við markmið og stefnu stofnana.

11.3 Gerð og framkvæmd stofnanasamnings

11.3.1 Í stofnanasamningi skal semja um röðun starfa sbr. gr. 1.2.1 og hvaða þættir og/eða forsendur skuli ráða röðun þeirra. Þar skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing), sbr. íslenska starfaflokkun ÍSTARF 95, sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal litið til skipurits stofnunar eða annars formlegs starfsskipulags við gerð samningsins. Starfslýsingar eru ein af forsendum röðunar starfa í launaflokka og skulu þær endurskoðaðar í takt við þróun starfa.

11.3.2 Í stofnanasamningi skal einnig semja um hvaða þættir og/eða forsendur skuli ráða mati á persónu- og tímabundnum þáttum sbr. gr. 1.2.2.

Persónubundnir þættir sem gera menn hæfari í starfi eru t.d.:

Viðbótarmenntun sem nýtist í starfi svo og starfsreynsla.

Tímabundnir þættir sem koma til greina eru t.d.:

Viðbótarábyrgð og/eða álag vegna sérstakra verkefna.

Hæfni, sérstakur árangur og/eða frammistaða.

Ofangreindir þættir geta verið breytilegir frá einum tíma til annars og álag á laun því breytilegt. Ofangreinda þætti skal endurskoða við breytingar á starfssviði starfsmanns eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi.

11.4 Skipan, hlutverk og starfshættir samstarfsnefnda

11.4.1 Skipan samstarfsnefnda

11.4.1.1 Hjá stofnunum ríkisins skulu starfa samstarfsnefndir, sem skipaðar eru allt að 3 fulltrúum frá hvorum aðila, þ.e. stéttarfélagi/starfsmönnum og stofnunum.

Félagið skal tilnefna þrjá fulltrúa í samstarfsnefnd og jafnmarga til vara. Stofnunin tilnefnir allt að 3 fulltrúa og jafnmarga til vara.

11.4.2 Hlutverk samstarfsnefnda

11.4.2.1 Samstarfsnefnd annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi sbr. gr. 11.3. Þar skal og samið um röðun starfa skv. 25. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

11.4.2.2 Nefndin skal einnig fjalla um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings.

11.4.3 Starfshættir samstarfsnefnda

11.4.3.1

Vegna gerðar/endurskoðunar stofnanasamnings.

Fulltrúar í samstarfsnefnd geta óskað eftir endurskoðun stofnanasamnings verði umtalsverðar breytingar á forsendum hans. Sem dæmi um breytingar á forsendum má nefna breytingar í miðlægum kjarasamningi og breytingar á umfangi, hlutverki eða starfsemi stofnunar. Hvor aðili um sig getur kallað nefndina til starfa. Skal þá metið hvort forsendur hafi breyst þannig að ástæða sé til að gera breytingar á honum. Koma skal á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Fella skal þær breytingar sem gerðar eru hverju sinni inn í gildandi stofnanasamning og staðfesta hann þannig breyttan. Að jafnaði skal stofnanasamningur endurskoðaður á tveggja ára fresti.

11.4.3.2

Vegna ágreiningsmála.

Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings til nefndarinnar. Beina skal erindi til gagnaðila með skriflegum hætti. Gagnaðili skal koma á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Samstarfsnefnd skal svara erindum innan 5 vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar. Verði samstarfsnefnd sammála um breytingar á launasetningu eða öðru því sem til hennar hefur verið vísað, skal sú breyting gilda frá og með næstu mánaðamótum eftir að erindið var fyrst formlega borið fram í nefndinni nema annað sé sérstaklega ákveðið.

12. grein

Gr. 14.1.2 Fellur brott

14.4 Iðgjaldagreiðslur launagreiðanda í fjölskyldu- og styrktarsjóð

14.4.1

Iðgjald launagreiðanda skal nema 0,55% af heildarlaunum þeirra starfsmanna hlutaðeigandi launagreiðanda sem falla undir samkomulag þetta. Iðgjaldið skal greitt mánaðarlega eftirá skv. útreikningi launagreiðanda.

13. grein

Við bætist ný málsgrein í gr. 17.1.1 svohljóðandi:

Í þeim tilvikum þegar starfsmönnum er útvegaður sími, fellur fastaaafnotagjald síma brott.

14. grein

Ákvæði um gildistíma og forsendur samkomulags þessa í 18. kafla kjarasamnings verða:

18. Gildistími og samningsforsendur

18.1 Gildistími

18.1.1

Kjarasamningur þessi gildir frá 1. maí 2005 til 31. október 2008 og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

18.2 **Samningsforsendur**

- 18.2.1 Komi til þess að samningum á almennum vinnumarkaði verði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa skal aðilum heimilt að segja launalið samningsins upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót. Komi til þess að nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nái samkomulagi um breytingu á samningum skal sambærileg breyting gilda um þennan samning.

Reykjavík, 6. júní 2005

F.h samninganefndar ríkisins
með fyrirvara um samþykki
fjármálaráðherra

*Ásta Lára Leósdóttir (sign.)
Sonja María Hreiðarsdóttir (sign.)*

F.h. Tollvarðafélags Íslands
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

*Hörður Davíð Harðarson (sign.)
Guðbjörn Guðbjörnsson (sign.)
Ólafur Örn Ingibergsson (sign.)
Guðbjörn Ármansson (sign.)
Guðrún Sólveig Ríkarðsdóttir (sign.)*

BÓKANIR

með samkomulagi
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Tollvarðafélags Íslands
undirrituðu 6. júní 2005

Bókun 1

Upplýsingagjöf til stéttarfélaga um laun félagsmanna hefur verið með misjöfnum hætti undanfarin ár og farið í gegnum ólíka miðla. Aðilar eru sammála um að kerfisbinda þessa upplýsingagjöf við innleiðingu nýrra upplýsingakerfa ríkisins. Vinnu við grunnkilgreiningar fyrir slíkar upplýsingar og framsetningu þeirra skal lokið innan ársins eða í tæka tíð fyrir upptöku nýs launakerfis, þ.e. að Fjársýslu ríkisins veitist ráðrúm til að formgera slíkar upplýsingar í kerfum ríkisins fyrir 1. maí 2006.

Bókun 2

Niðurfelling flutningslínu við Elliðaár

Vegna niðurfellingar flutningslínu við Elliðaár skulu þeir sem þegar njóta greiðslna vegna hennar halda henni á meðan þeir eru í samfelldu starfi hjá viðkomandi stofnun.

Bókun 3

Samningsaðilar skulu gefa út heildstæðan kjarasamning. Ljúka skal þeirri vinnu fyrir 1. október 2006.

Bókun 4

Þar til gengið hefur verið frá fyrirkomulagi greiðslna skv. gr. 2.5.4 skal eftirfarandi fyrirkomulag gilda:

Á fámennum stöðum þar sem 3 tollverðir eða færri starfa, skal samið sérstaklega um vinnutíma þeirra. Samningar þessir skulu gerðir á milli viðkomandi tollstjóra og starfsmanna en háðir samþykki fjármálaráðuneytisins, dóms- og kirkjumálaráuneytisins og TFÍ. Um greiðslur og annað sem af vinnutíma fyrirkomulagi leiðir, skal samið milli TFÍ og viðkomandi ráðuneyta.

Þar sem 2 eða 3 tollverðir starfa, skal bakvaktastundafjöldi vera 190 klst. á mánuði. Þar sem 1 tollvörður starfar, skal bakvaktastundafjöldi vera 140 klst. á mánuði.

Fylgiskjal 1

með samkomulagi
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Tollvarðafélags Íslands
undirrituðu 6. júní 2005

Með upptöku nýs 1. kafla sbr. 5. gr. þessa samkomulags, þ. á m. upptöku nýrrar launatöflu, eru aðilar sammála um að heildarkostnaður vegna gildistöku hennar í maí 2006 verði 9,10% vegna uppkupa greina, yfirfærslukostnaðar og vegna aðlögunar stofnanasamninga. Miðað skal við að hver stofnun fái þetta fjármagn óskipt til ráðstöfunar.

Nýr stofnanasamningur skal gilda frá sama tíma og nýr fyrsti kafli er tekinn upp, þ.e. 1. maí 2006. Aðilar eru sammála um að í maí 2007 skuli stofnanir fá fjárhagslegt ráðrúm til þróunar á nýju launakerfi er nemí 2,20% af launakostnaði tilheyrandi starfsmanna. Miðað skal við að hver stofnun fái þetta fjármagn óskipt til ráðstöfunar.

Samstarfsnefnd hverrar stofnunar kemur sér saman um þessa útfærslu stofnanasamninga og þróun. Tryggt skal að enginn lækki í mánaðarlaunum fyrir dagvinnu vegna yfirfærslu í nýtt launakerfi.

Fylgiskjal 2

með samkomulagi
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Tollvarðafélags Íslands
undirrituðu 6. júní 2005

Yfirlæssla í nýtt launakerfi verði með eftifarandi hætti:

1. Skipan samstarfsnefnda skv. nýjum 11. kafla skal lokið fyrir 1. ágúst 2005.
2. Aðilar eru sammála um að nýtt launakerfi kalli á viðamikla fræðslu, sérstaklega m.t.t. krafna um starfslýsingar byggðar á starfaflokkun sem lagðar eru til grundvallar launasetningu. Markhópar slíkrar fræðslu verða fulltrúar í samstarfsnefndum bæði frá stofnun og stéttarfélagi/starfsmönnum.
Stefnt skal að því að sameiginlegri fræðslu samningsaðila, vegna innleiðingar nýja launakerfisins verði lokið fyrir 1. nóvember 2005.
3. Samstarfsnefndir skulu hefja störf við gerð stofnanasamnings fyrir breytingar í maí 2006 í kjölfar fræðslunnar. Þær skulu við upphaf starfs síns hafa upplýsingar um launasetningu starfsmanna á viðkomandi stofnun, grunnnröðun auk viðbótarþáttu.
4. Komið verður á fót ráðgjafateymi í þeim tilgangi að styðja samstarfsnefndir og stofnanir eins og kostur er til að stuðla að öruggri framkvæmd nýs samnings. Slík aðstoð skal veitt í kjölfar fræðsluátaksins til að veita aðilum á hverri stofnun aðgang að þekkingu á bestu aðferðum í mannauðsstjórnun.

Viðauki I

með samkomulagi fjármálaráðherra og Tollvarðafélags Íslands
undirrituðu 6. júní 2005.

Mánaðarlaun starfsmanns sem gegnir fullu starfi skulu greidd samkvæmt eftirfarandi launatöflu frá 1. maí 2005.

Lfl.	1. þrep	2. þrep	3. þrep	4. þrep	5. þrep	6. þrep
A01	113.343	116.769	120.299	122.103	123.935	125.794
A02	116.769	120.299	123.935	125.794	127.681	129.596
A03	120.299	123.935	127.681	129.596	131.540	133.513
A04	123.935	127.681	131.540	133.513	135.516	137.549
A05	127.681	131.540	135.516	137.549	139.612	141.706
A06	131.540	135.516	139.612	141.706	143.832	145.989
A07	135.516	139.612	143.832	145.989	148.179	150.402
A08	139.612	143.832	148.179	150.402	152.658	154.948
A09	143.832	148.179	152.658	154.948	157.272	159.631
A10	148.179	152.658	157.272	159.631	162.025	164.455
A11	152.658	157.272	162.025	164.455	166.922	169.426
A12	157.272	162.025	166.922	169.426	171.967	174.547
A13	162.025	166.922	171.967	174.547	177.165	179.822
A14	166.922	171.967	177.165	179.822	182.519	185.257
A15	171.967	177.165	182.519	185.257	188.036	190.857
A16	177.165	182.519	188.036	190.857	193.720	196.626
Lfl.	1. þrep	2. þrep	3. þrep	4. þrep	5. þrep	
B01	145.989	148.179	150.402	152.658	154.948	
B02	150.402	152.658	154.948	157.272	159.631	
B03	154.948	157.272	159.631	162.025	164.455	
B04	159.631	162.025	164.455	166.922	169.426	
B05	164.455	166.922	169.426	171.967	174.547	
B06	169.426	171.967	174.547	177.165	179.822	
B07	174.547	177.165	179.822	182.519	185.257	
B08	179.822	182.519	185.257	188.036	190.857	
B09	185.257	188.036	190.857	193.720	196.626	
B10	190.857	193.720	196.626	199.575	202.569	
B11	196.626	199.575	202.569	205.608	208.692	
B12	202.569	205.608	208.692	211.822	214.999	
B13	208.692	211.822	214.999	218.224	221.497	
B14	214.999	218.224	221.497	224.819	228.191	
B15	221.497	224.819	228.191	231.614	235.088	
B16	228.191	231.614	235.088	238.614	242.193	
B17	235.088	238.614	242.193	245.826	249.513	
B18	242.193	245.826	249.513	253.256	257.055	
B19	249.513	253.256	257.055	260.911	264.825	
Lfl.	1. þrep	2. þrep	3. þrep			
C01	164.455	166.922	169.426			
C02	171.967	174.547	177.165			
C03	179.822	182.519	185.257			
C04	188.036	190.857	193.720			
C05	196.626	199.575	202.569			
C06	205.608	208.692	211.822			
C07	214.999	218.224	221.497			
C08	224.819	228.191	231.614			
C09	235.088	238.614	242.193			
C10	245.826	249.513	253.256			
C11	257.055	260.911	264.825			
C12	268.797	272.829	276.921			
C13	281.075	285.291	289.570			
C14	293.914	298.323	302.798			
C15	307.340	311.950	316.629			
C16	321.378	326.199	331.092			
C17	336.058	341.099	346.215			

Viðauki II

með samkomulagi fjármálaráðherra og Tollvarðafélags Íslands
undirrituðu 1. júní 2005.

Launatafla frá 1. maí 2006

Lfl.	Upphæð	Álag vegna persónu- og tímabundinna þátta								
		2,5%	5,0%	7,5%	10,0%	12,5%	15,0%	17,5%	20,0%	
01	128.500	131.713	134.925	138.138	141.350	144.563	147.775	150.988	154.200	
02	134.925	138.298	141.671	145.044	148.418	151.791	155.164	158.537	161.910	
03	141.671	145.213	148.755	152.296	155.838	159.380	162.922	166.463	170.005	
04	148.755	152.474	156.193	159.912	163.631	167.349	171.068	174.787	178.506	
05	156.193	160.098	164.003	167.907	171.812	175.717	179.622	183.527	187.432	
06	164.003	168.103	172.203	176.303	180.403	184.503	188.603	192.704	196.804	
07	172.203	176.508	180.813	185.118	189.423	193.728	198.033	202.339	206.644	
08	180.813	185.333	189.854	194.374	198.894	203.415	207.935	212.455	216.976	
09	189.854	194.600	199.347	204.093	208.839	213.586	218.332	223.078	227.825	
10	199.347	204.331	209.314	214.298	219.282	224.265	229.249	234.233	239.216	
11	209.314	214.547	219.780	225.013	230.245	235.478	240.711	245.944	251.177	
12	219.780	225.275	230.769	236.264	241.758	247.253	252.747	258.242	263.736	
13	230.769	236.538	242.307	248.077	253.846	259.615	265.384	271.154	276.923	
14	242.307	248.365	254.422	260.480	266.538	272.595	278.653	284.711	290.768	
15	254.422	260.783	267.143	273.504	279.864	286.225	292.585	298.946	305.306	
16	267.143	273.822	280.500	287.179	293.857	300.536	307.214	313.893	320.572	
17	280.500	287.513	294.525	301.538	308.550	315.563	322.575	329.588	336.600	
18	294.525	301.888	309.251	316.614	323.978	331.341	338.704	346.067	353.430	
19	309.251	316.982	324.714	332.445	340.176	347.907	355.639	363.370	371.101	
20	324.714	332.832	340.950	349.068	357.185	365.303	373.421	381.539	389.657	
21	340.950	349.474	357.998	366.521	375.045	383.569	392.093	400.616	409.140	
22	357.998	366.948	375.898	384.848	393.798	402.748	411.698	420.648	429.598	
23	375.898	385.295	394.693	404.090	413.488	422.885	432.283	441.680	451.078	
24	394.693	404.560	414.428	424.295	434.162	444.030	453.897	463.764	473.632	